

Starfsreglur

1. gr.

Ráðið heitir Foreldraráð Marbakka og er starfandi við leikskólann Marbakka, Marbakkabraut 4, Kópavogi.

2. gr.

Ráðið er stofnsett á grundvelli IV. kafla laga um leikskóla nr. 90/2008 (leikskólalaga). Hlutverk þess er að starfa að þeim verkefnum sem því eru falin samkvæmt framangreindum lögum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra.

Starfsreglur þessar eru settar á grundvelli l. mgr. 11. gr. Leikskólalaga og skulu kynntar á heimasíðu leikskólans, ásamt nöfnum fulltrúa í ráðinu.

3. gr.

Í foreldraráði skulu sitja allt að sjö foreldrar barna á leikskólanum Marbakka. Til að tryggja samfellu í starfi þess skal leitast við að í því sitji foreldrar barna á mismunandi aldurstigum. Þannig sé möguleiki að minnst einn fulltrúi hafi kost á áframhaldandi setu í foreldraráði næsta skólaárs.

Kjósa skal í foreldraráð við leikskólann ár hvert í september og skal það starfa í eitt skólaár í senn, þ.e. frá 1. október til og með 30. September. Leikskólastjóri skal óska eftir framboðum í foreldraráðið með tölvupóstsendingu til allra foreldra við leikskólann, með leiðbeiningum um hvert skuli tilkynna framboðið.

4. gr.

Foreldraráð skal funda eftir þörfum en að lágmarki tvisvar hvert starfsár. Fyrri skiptið til að fara yfir skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans og í seinna skiptið til að fylgjast með og meta hvernig þeim hefur verið framfylgt. Ráðið skal halda fundargerð og leikskólastjóri skal sjá um að þær séu aðgengilegar á heimasíðu skólans.

5. gr.

Ráðið skal vera tengiliður við aðra foreldra og skal fjalla um ábendingar frá þeim, ef þess þarf. Foreldraráð starfar með leikskólastjóra sem skal upplýsa ráðið um hver þau mál sem snert geta starfsemi skólans.

6. gr.

Helstu verkefni ráðsins eru að gefa umsagnir um skólanámskrá, skóladagatal og áætlun ársins til leikskólastjóra og nefndar, sem starfrækt er á grundvelli 2. mgr. 4. gr. leikskólalaga. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum barna á Marbakka. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á starfi leikskólans Marbakka.

7. gr.

Starfsreglur þessar skulu endurskoðar í byrjun hvers skólaárs af nýkjörnu foreldraráði.

Kópavogur, 30. janúar 2024